
Eldar í skógi



VERKIÐ Þrír eldar eftir Huldu Hákon.

ÚTILISTAVERKIÐ Þrír eldar eftir Huldu Hákon var vígt í bænum Vefsn í Nordland-fylki í Noregi fyrr í sumar. Verkið er eitt 33 verka sem listamenn um heim allan voru beðnir um að vinna fyrir jafnmarga bæi í fylkinu, sem er syðsta fylkið í Norður-Noregi en heimskautsbaugur liggur um fylkið sunnanvert. Hugmyndin að umhverfislistaverkefninu kviknaði á ráðstefnu um myndlist sem haldin var í Nordland árið 1988. Tilgangur með verkefninu er bæði sá að kynna samtímamyndlist fyrir íbúum svæðisins sem og að vekja athygli myndlistarheimsins á Noregi. Verk Huldu Hákon hefur verið í vinnslu sl. 3 ár og er það 29. í röð verka sem fylkið getur stært sig af í framtíðinni, en meðal þátttakenda í verkefninu eru listamenn á borð við Tony Cragg, Anthony Gomley og Per Kirkeby.



HVAÐ hefurðu verið hér lengi?

Hulda segir að þetta sé í fyrsta sinn sem hún vinnur útilistaverk og að vinnan hafi verið sérlega ánægjuleg vegna þess að hér hafi ekki verið um samkeppni að ræða heldur hafi henni einfaldlega verið boðið að vinna verk fyrir bæjarfélagið, það hafi svo verið hennar að gera tillögu að verki og velja því stað. „Ég kaus að staðsetja verkið í skógi við afskiptan árbakka ekki langt frá aðalgötu bæjarinns. Þetta var svæði sem fólk hafði áður gengið í gegnum og mig langaði til að gefa því færi á að staldra við og virða fyrir sér listaverk á þessum rólega og rómantíska stað," segir Hulda.

Eins og titillinn gefur til kynna þá er verkið samsett úr þremur eldum, steyptum í ryðfrítt stál, sem síðan eru málaðir gylltir. Umhverfis eldana leika blá blóm í grasinu og mismunandi setningar hafa verið grafnar í átta af gangstéttarhellunum sem mynda bogalaga stíg um svæðið.

Hvert liggur þessi leið? Hvaðan kemurðu? Er þetta fyrsta heimsókn þín hingað? Væntirðu einhvers? Spurningar sem hægt er að leggja a.m.k. tvennan skilning í, annars vegar sem spurningar hnýsins heimamanns í garð ferðalangsins og hins vegar sem tilvistarlegar vangaveltur. Hulda segir tiltölulega einfalda táknræna merkinu búa að baki verkinu og hún kjósi því að segja sem minnst um það sjálf, það sé áhorfandans að leggja sinn skilning í verkið.

Þátttaka áhorfandans í verkinu

Vinnan að verkinu kemur í beinu framhaldi af sýningu sem Hulda hélt á Kjarvalsstöðum árið 1993. Þessi sama sýning fór til Berlínar og til Noregs hélt Hulda á leið heim úr þeirri ferð til að kanna aðstæður í Vefsn. Eldtungurnar, gular og rauðar, og bláu blómin sem þar voru unnin í sement og síðan máluð voru henni því ofarlega í huga.

Í verkum Huldu Hákon hafa okkur birst staðlaðar fígúrur, karl- og kvenímyndir, en hún segir að engar manneskjur sé að finna í verkinu Þrír eldar vegna þess að sér finnist áhorfandinn vera „fólkið". Áhorfandanum er ætlað að vera hluti af verkinu rétt eins og verkið er hluti af umhverfinu. Með áhorfandann að leiðarljósi lét hún því koma fyrir bekk við verkið, bekk sem tilheyrir skóginum en er samt þarna fyrir „fólkið" að njóta verksins í ró og næði.

„Það hefur flækst fyrir mér þegar ég vinn að sýningum þar sem hvert verk styður annað að mér hefur fundist einstök verk missa eitthvað af merkingu sinni þegar þau eru tekin úr því samhengi. Verkið Þrír eldar er að þessu leyti ólíkt fyrri verkum mínum þar sem það er varanlegt í samsetningu sinni. Í framhaldi af þessu hef ég velt því fyrir mér hvort listaverkið eigi að geta staðið eitt undir sjálfu sér eða hvort það þarfnist einhvers í umhverfinu til að styðja sig við," segir Hulda.

Öllum finnst sitt verk best

Hulda bendir á að nútímamyndlist hafi verið lítt kynnt í Nordland-fylki til þessa en með því að færa heimslistina inn á gafl til fólks, eins og hér

MYNDLIST AUGNABLIKSINS

Um helgina hefst sýningin ON Iceland 1997 í Nýlistasafninu þar sem sýnd eru verk myndlistarmanna sem vinna í tímatengda miðla. HULDA STEFÁNSDÓTTIR kynnti sér dagskrána og talaði við Hannes Lárusson sem haft hefur umsjón með verkefninu.



SÆNSK-AMERÍSKA listakonan Alexandra Kostrubala sýnir innsetningu og myndbandsverk í Nýlistasafninu um næstu helgi.

ALÞJÓÐLEG gerninga- og myndbandahátíð verður opnuð í Nýlistarsafninu, Vatnsstíg 3b, og í MÍR salnum, Vatnsstíg 10, í dag kl. 14. Hátíðin ber heitið ON Iceland 1997 og er víðamesta verkefni sinnar tegundar sem sett hefur verið upp hérlendis. Viðburðir helgarinnar marka upphaf hátíðarinnar sem stendur yfir til loka næsta mánaðar en í ágúst opna sýningar nokkurra þátttakenda á Listasafni Íslands, á Kjarvalsstöðum, í Norræna Húsinu og í Gallerí 20 fermetrum í kjallara Vesturgötu 10a.

Hannes Lárusson, myndlistamaður, hefur aðalumsjón með framkvæmd hátíðarinnar. Hann segir undirbúning hafa staðið yfir sl. 4 ár og að það hafi verið styrkur frá Norræna Menningarsjóðnum sem gerði það að verkum að þetta stóra verkefni varð að veruleika. Hátíðin sem nú hefst ferðast til Danmerkur og Noregs á næsta ári. Að sögn Hannesar er hér á ferðinni samnorrænt verkefni með alþjóðlegu yfirbragði og þátttakendurnir koma víða að, frá Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada auk Norðurlandanna.

„Sýningin fjallar um list tengda tíma og hreyfingu sem bæði er tjáð með tímatengdum miðlum, þar sem tækni og mynd renna saman í ljósmyndinni og afleiddri tækni hennar eins og myndbandsins og tölvunar, sem og hefðbundnari miðlum eins og málaralist," segir Hannes. Tíminn birtist því bæði í sögulegu samhengi og í atburði augnabliksins. „Þessi tvö hugtök, tími og hreyfing, tilheyra nútímamyndlistinni alveg sérstaklega. Það er ekki fyrr en á síðari hluta þessarar aldar sem hreyfing verður eðlilegur hluti myndlistarinnar," segir Hannes. Hann telur listræna innsýn í tæknina vera samfélaginu lífsnauðsynleg. „Listamenn í dag nýta sér tæknina til að tjá sameiginlega vitund, til að sýna fólki með einhverjum hætti hvernig það er að vera til. Hluti tilvistarvitundarinnar er glíman við tæknina og ég held að þó að þessi tegund listar sé oft ruglingsleg og tilviljunarkennd á yfirborðinu þá sé afar mikilvægt að fólk kynnist henni," segir Hannes.

ON Iceland 1997

ON Iceland 1997 er ætlað að vekja athygli á vanda myndrænnar framsetningar og veita Íslendingum innsýn í meðför erlendra listamanna á tímatengdu formi myndlistar. „Markmiðið var ekki að vera með heimsfræga myndlistamenn þó að meðal þátttakenda séu margir meistarar þessa listforms sem náð hafa að beygja tæknina undir vitund sína. Miklu fremur var áhersla lögð á að sýna áhugaverð verk sem annað hvort hafa ekki verið sýnd áður eða eru gerð sérstaklega fyrir sýninguna," segir Hannes. Sýningin spannar verk ungs fólks sem er að stíga sín fyrstu skref í myndlistinni í bland við ýmsa gamalgróna listamenn. Nýlistasafnið verður tilraunarvettvangur yngra myndlistafólks þar sem sýndir verða gjörningar og myndbandsverk en sýningar Listasafn Íslands, Kjarvalsstaða og Norræna Hússins verða með formlegri hætti. „Ég held að samsetning þekktra og lítt þekktra listamanna skapi frjóan vettvang. Ólíkum áherslum er teflt saman þar